

NÝTT KYNBÓTAMAT FYRIR FRJÓSEMI



Góð frjósemi er gríðarlega mikilvægur hluti af hagkvæmri og arðbærri mjólkurframleiðslu. Frjósemi hefur verið hluti af kynbótæinkunn íslenska kúastofnsins síðan 1993, en þrátt fyrir það hefur verið neikvæð þróun í frjósemi eins og hjá mörgum erlendum mjólkurkúakynjum. Óhagstæð fylgni er á milli afurða og frjósemi og eru frjósemistengd vandamál á meðal algengustu ástæðum förgunar á kvígum og kúm.

Frjósemi er vandmeðfarinn eiginleiki til að meta og er arfgengi frjósemiseiginleika lágt í öllum rannsóknum. Vinna við að uppfæra kynbótamat fyrir frjósemi í íslenskum kúm hófst fyrr á þessu ári og eru nýjar aðferðir nú komnar í gagnið. Þar til nú hefur einkunn fyrir frjósemi í kynbótamatinu verið metin út frá bili milli burða. Nýtt mat er byggt á meistaraverkefni sem undirrituð skilaði inn á seinasta ári. Hægt er að lesa um verkefnið í seinustu nautaskrá.

Í nýja matinu eru þrjár eiginleikar sem byggðir eru á sæðingagögnum notaðir til að meta frjósemi kúa og kvígna (sjá mynd 1). Fyrstu tveir eiginleikarnir meta frjósemi mjólkandi kúa og eru annars vegar bil á milli burðar og fyrstu sæðingar (BBFS) og hins vegar bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar (BFSS). Bæði BBFS og BFSS eru mældir í dögum. Þessir tveir eiginleikar eru metnir á fyrstu þremur mjaltaskeiðum kúa og vega mjaltaskeiðin 50%, 30% og 20% í samsettri einkunn hvors eiginleika. BBFS táknar tímabilið


sem það tekur kúna að hefja egglos og byrja að beiða aftur eftir burð. BFSS táknar tímabilið sem það tekur að festa fang eftir að sæðingar hefjast. Erfðaþróun seinni tímabilsins er neikvæð og því mikilvægt að leggja áherslu á BFSS í nýju mati.

Þriðji eiginleikinn er fanghlutfall við fyrstu sæðingu hjá kvígum (FFSK) og er þetta í fyrsta sinn sem kynbótamat verður reiknað fyrir eiginleika óborinna kvígna. Vonir standa til að með þessari viðbót inn í kynbótamat sé hægt að grípa snemma í taumana ef dætur einstakra nauta á nautastöð sýna slaka frjósemi sem kvígur.


Kynbótamat fyrir frjósemi gildir nú 10% af kynbótæinkunn gripa. Einkunn fyrir frjósemi er samsett úr kynbótamati fyrir fyrrnefnda eiginleika. Fanghlutfall við fyrstu sæðingu hjá kvígum mun vega 20%, bil á milli burðar og fyrstu sæðingar vegur 30%, og bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar vegur hæst, 50%.

Nýjar aðferðir til að meta frjósemi þýða að mat einstakra gripa getur breyst frá því sem var, ýmist hækkað eða lækkað. Innbyrðis röðun breytist aðeins ef horft er til frjósemi eingöngu en lítið ef lítið er á heildareinkunn sæðingana. Ef gamla frjósemismatið er borið saman við hið nýja hjá nokkrum sæðinganautum kemur fyrir að það muni allmiklu. Ef nautin lækka mikið í nýju mati er líklegasta skýringin sú að þau fá góða einkunn fyrir BBFS en lélega einkunn fyrir BFSS og jafnvel FFSK í nýju mati. Dætur þessara nauta eru því fljótar að byrja að beiða aftur eftir burð en lengi að festa fang. Þær hafa því fengið viðunandi einkunn fyrir bil á milli burða vegna þess að eiginleikarnir jöfnuðu hvorn annan út. Þar kemur í ljós stærsti kosturinn við upptöku nýrra eiginleika. Við viljum reyna að snúa við neikvæðu þróuninni sem hefur orðið í getu kúa til að festa fang eftir að sæðingar hefjast og því er áhersla lögð á BFSS í nýju mati.

AD LOKUM MÁ NEFNA MIKILVÆGI ÞESS AD ALLAR KÝR SÉU SÆDDAR, EINNIG SEM KVÍGUR, OG AD SKRÁNING SÆÐINGAGAGNA INN Í HUPPU SÉ Í RÉTT. VONANDI MUNU ÞESSAR BREYTINGAR Á KYNBÓTAMATI LEIÐA TIL ÞESS AD VIÐ NÁUM FRAM ERFÐAFRAMFÖRUM Í FRJÓSEMI HJÁ ÍSLENSKUM KÚM OG STUÐLUM AD VARÐVEISLU ÍSLENSKA KÚAKYNSINS.



Mynd 1. Nýjir eiginleikar til að meta frjósemi í íslenskum kúm. Tölur innan sviga sýna taktarnir sem settar eru á hvern eiginleika fyrir hreinsanir á gögnum.



Mynd 2. Meðalkynbótamat árganga fyrir frjósemiseiginleika. Kýr með eigin mælingar fæddar árið 2016 eru notaðar til að skala einkunnir.